



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 430 8000

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Aðalstræti 92
450 Patreksfjörður

Ísafjörður, 7. júlí 2020
2018010057

Efni: Umsögn um gistileyfi Fisherman f. Aðalgötu 14-16, Suðureyri.

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumannsembætti Vestfjarða, þann 7. nóvember, 2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Elíasar Guðmundssonar, kt. 010276-3819, fyrir hönd Fisherman, kt. 611105-0960, um leyfi til að reka gististað í flokki IV (gististaður með áfengisveitingum) að Aðalgötu 14-16, Suðureyri.

Flokkur B: Stærra gistiheimili. Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

Húsið að Aðalgötu 14-16 er skráð á byggingarstig 7, sem er fullgerð bygging, og er staðsett á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi sem miðsvæði.

Húsið er innan marka svæðis sem er hverfisverndað. Í kafla um hverfisvernd á miðsvæðum segir: *“Markmið hverfisverndarinnar er að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Ísafjarðarbæjar og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins.”*

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 20. feb. 2020.

Með vísan í umsögn dags. 25.02.2020 fellst Slökkvilið Ísafjarðarbæjar á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 15 manns í Aðalgötu 14 og 21 manns í Aðalgötu 16. Sú umsögn er veitt með fyrirvara um úrbætur eldvarna.

Ísafjarðarbær tekur undir umsögn Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar í sinni umsögn, en gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis þessa.

Vörðingartýll,
ÍSAFJARÐARBÆR

Sigríða Jack
-skipulagsfulltrúi-